

**Sp.** **598. Tillaga til þingsályktunar** [183. mál]  
um öflun lánsfjár til dráttarbrautar á Akureyri.

Flm.: Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega og ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 10 milljón króna lán til byggingar dráttarbrautar fyrir togara á Akureyri.

Greinargerð.

Það hefur allengi verið í athugun hjá hafnarnefnd og bæjarstjórn Akureyrar að stækka svo dráttarbraut bæjarins, að hún gæti tekið upp skip allt að stærð nýsköpunartogara. Tilboða hefur verið aflað í brautina og þau verið í athugun hjá vitamálskrifstofunni. Er búizt við, að dráttarbrautin kosti fullgerð 10—15 milljónir króna.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fjárhagsáætlun sinni fyrir þetta ár ætlað til byggingar dráttarbrautarinnar kr. 500 000.00, og á fjárlögum var í vetur tekið upp kr. 200 000.00 ríkissjóðsframlag til brautarinnar. Er því fullvíst, að í þessar framkvæmdir verði ráðizt, ef fjármagn fæst.

Með tillögu þessari er farið fram á, að ríkisstjórnin leitist við að útvega Akureyrarkaupstað allt að 10 milljón króna lán til þess að koma upp dráttarbrautinni. Samkvæmt lögunum um hafnargerðir og lendingarbætur frá 1946 hefur ríkisstjórnin heimild til þess að ábyrgjast lán til greiðslu á  $\frac{3}{5}$  hlutum kostnaðar við dráttarbrautir, og þarf því sérstaka heimild Alþingis fyrir ríkisábyrgð á láni vegna kostnaðar, sem umfram er. Er því óskað eftir ríkisábyrgð fyrir allri lánsupphæðinni.

Um það geta ekki verið skiptar skoðanir, að þörf sé fyrir tvær dráttarbrautir hér á landi, sem geti annazt viðgerðir á togurunum og smíði stærri fiskiskipa. Með fyrirhugaðri aukningu togaraflotans verður þörfin enn meiri. Á Akureyri eru góð skilyrði fyrir slíkt fyrirtæki, þar sem í bænum er fjölmenn iðnaðarmannastétt og verkstæði búin góðum vélakosti.

Nánar í framsögu.